



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 26. október 2020, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Vilberg Þráinsson varaformaður og Ólafía Sigurvinsdóttir. Einnig sátu fundinn Sonja Dröfn Helgadóttir leikskólastjóri, Jóhanna Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna leikskóla, Katla Ingibjörg Tryggvadóttir fh. foreldrafélagsins og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 7. september 2020.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skólanámskrá leikskóladeildar.

*Skólanámskrá lögð fram og kynnt.*

#### 3. Skóla- og æskulýðssamfélagið og covid.

Rætt var um að aðgerðir vegna covid verði samræmdar í skólasamfélaginu.

Nefndin tekur undir þær umræður sem fram fóru á fundinum að stjórnendur skólans og æskulýðsstarf samræmi aðgerðir er varða Covid.

*Nefndin tekur undir það að börn á aldrinum 16 - 18 fái að sækja félagsstarfið og miðast það við að sóttvarnareglum verði fylgt eftir. Tómstundafulltrúa er falið að fylgja því eftir. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. Innleiðing á verklagsreglum um tilkynningaskyldu starfsmanna.

Lagðar eru fram að nýju ofangreindar verklagsreglur. Rætt var um hversu mikilvægt er að reglurnar verði innleiddar í stofnunum sveitarfélagsins.

*Nefndin felur stjórnendum skóla, mötuneytis og félagsstarfs að innleiða verklagsreglurnar í sínum deildum. Samþykkt samhljóða.*

#### 5. Samskipti í æskulýðs- og skólaumhverfi.

Rætt var um að búa til grundvöll fyrir samráð og samskipti skóla og félagsstarfs til að mynda heildarsamtal um hagsmuni barna í sveitarfélaginu. Mynda eina rödd frá skólasamfélaginu.

*Nefndin leggur til að hugmyndin verði tekin til umræðu á forstöðumannafundi.*

6. Skýrsla skólastjóra.

*Skólastjóri boðaði forföll.*

7. Skýrsla leikskólastjóra.

*Leikskólastjóri fór yfir skýrslu mánaðarins.*

8. Skýrsla tómstundafulltrúa.

*Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu mánaðarins.*

Önnur mál (ef einhver):

9. Skóladagatal leikskóladeildar.

*Nefndin telur tilefni til þess að skóladagatalið verði endurskoðað að hluta og felur leikskólastjóra að ræða málið með starfólki skólans. Samþykkt samhljóða.*

10. Reglur um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020 – 2021.

*Nefndin fór yfir reglurnar og felur sveitarstjóra og tómstundafulltrúa að klára reglurnar og koma þeim á framfæri.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____